



YFIRLIT ÁRSINS 2024

Umferðarsvið



Lög um rannsóknir samgönguslysa nr. 18/2013, gilda um rannsókn samgönguslysa og samgönguátvika er heyra undir Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna.



Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN	3
YFIRLIT ÁRSINS 2024 – Umferðarsvið	3
Nefndarfundir	3
Tilkynningar um umferðarslys til RNSA.	3
Fjöldi látinna í umferðinni	3
TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT / MIKILVÆGAR ÁBENDINGAR	6
22-044U007-T01. Bætt öryggi vegfarenda við listaverk á hafnarsvæði á Djúpavogi.	6
22-044U007-T02. Umferðaröryggisáætlun sveitarfélaga.....	7
22-044U007-T03. Breytingar á skipulagi sveitarfélagsins Múlapings.....	7
22-058U011-T01. Bæta merkingar og aðgengi gangandi vegfarenda.....	7
22-058U011-T02. Öryggisáætlun við framkvæmdir	7
23-019U005-T01 Reglur um mat á andlegu og líkamlegu hæfi.....	8
23-019U005-T02 Stuðningur við innleiðingu nýs vottorðseyðublaðs	8
23-043U007-T01. Hlíðarbúnaður bifhjólafólks	8
23-043U007-T02. Skoðun bifhjóla.....	9
23-043U007-T03. Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar	9
23-046U008-T01. Notkun riffa á vegum.....	9
23-047U009-T01 Forvarnir um svefn og þreytu hjá ökumönnum	9
23-066U013-T01 Skráningarskylda vinnuvéla	10
23-066U013-T02 Öryggisúttekt á gatnamótunum	10
23-066U013-T03 Yfirfara verklag um skoðanir og skráningar vinnuvéla	10
23-071U015-T01. Öryggisáætlun við framkvæmdir	11
23-071U015-T02. Umferðaröryggisáætlun	11
VETTVANGUR BANASLYSA 2024.....	12
ERLENT SAMSTARF 2024	12

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Heildarfjöldi ráðherraskipaðra nefndarmanna hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er 13. Þeir sinna þremur mismunandi sviðum RNSA. Heildarfjöldi fastra starfsmanna RNSA er sjö. Á umferðarsviði RNSA eru tveir starfsmenn. Rannsóknarstjóri er Helgi Þorkell Kristjánsson og rannsakandi Björgvin Þór Guðnason.

Árið 2024 unnu eftirfarandi 5 nefndarmenn að skýrslum um banaslys í umferðinni á umferðarsviði Rannsóknarnefndar samgönguslysa:

- Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor og samgönguverkfræðingur (aðalmaður, formaður)
- Geirprúður Alfreðsdóttir, flugstjóri og verkfræðingur (aðalmaður, varaformaður)
- Guðrún Nína Petersen, veðurfræðingur (aðalmaður)
- Áslaug Árnadóttir, hæstaréttarlögmaður (varamaður)
- Guðrún María Svavarsdóttir, bráðalæknir (varamaður)

Umferðarslysasvið sinnir útköllum vegna umferðarslysa á landsvísu og er sviðið skipulagt með þeim hætti að a.m.k. annar starfsmaður þess sé alltaf tiltækur til að sinna útkalli allan sólarhringinn alla daga ársins.

YFIRLIT ÁRSINS 2024 – Umferðarsvið

Umferðarsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa gaf út skýrslur um banaslys sem urðu í umferðinni á Íslandi. Þær má finna inn á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa, www.rnsa.is

Nefndarfundir

Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við lokadrög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum. Á árinu voru haldnir 22 nefndarfundir hjá umferðarsviði RNSA og voru 12 skýrslur um banaslys í umferðinni samþykktar til útgáfu. Í útgefnum skýrslum á árinu birti nefndin alls 17 tillögur í öryggisátt og 24 mikilvægar ábendingar.


Tilkynningar um umferðarslys til RNSA.

Fjarskiptamiðstöð lögreglu eða viðkomandi lögregluembætti koma boðum um alvarlegt umferðarslys í bakvaktasíma umferðarsviðs RNSA sem svarar allan sólarhringinn alla daga ársins. Tilkynningar til nefndarinnar eru í öllum tilvikum háorkuslys þegar um ræðir látna einstaklinga eða mikið slasað fólk. Alls voru 26 útköll vegna umferðarslysa en banaslys, þar sem einn eða fleiri létust, reyndust vera í tíu tilfellum af þeim. Banaslys telst skráð sem slíkt ef einstaklingur lætur lífið innan 30 daga frá þeim degi er slysið varð, enda verði banamein hans að nokkru eða öllu leyti rakið til slyssins.

Fjöldi látinna í umferðinni

Árið 2024 létust alls 13 einstaklingar í tíu umferðarslysum. Í janúar urðu samtals fimm umferðarslys og í tveim af þeim slysum létust tveir einstaklingar eða sjö samtals. Er þetta verstí janúar mánuður hvað varðar fjölda látinna í umferðinni frá upphafi á Íslandi. Þrír erlendir ferðamenn létust í umferðarslysum á árinu. Í níu af tíu slysum létust farþegar eða ökumenn í ökutækjum. Þrír útafakstrar, fimm framanákeyrslur og ein aftanákeyrsla. Einn óvarinn vegfarandi lést þegar ekið var á hann.


Fjöldi látinna í umferðinni síðastliðin 10 ár má sjá á yfirliti á mynd 1.



Mynd 1. Heildarfjöldi banaslysa sl. 10 ár var 110 og heildarfjöldi látinna sl. 10 ár var 121 einstaklingar.

Á mynd 1 sést yfirlit banaslysa undanfarin 10 ár. Fjöldi látinna einstaklinga í umferðinni síðustu 6 ár var færri en árin þar á undan. Árið 2024 skar sig þó úr hvað þetta varðar, en fjöldi látinna var samt sem áður minni en á árunum 2015 til 2018.


Banaslys



Mynd 2. Myndin sýnir hvernig banaslysin urðu á mismunandi hátt síðastliðin 5 ár.


Ef litið er aftur til ársins 2020 sést að fjölgun hefur orðið á banaslysum fólks í bifreiðum (mynd 3) ef undanskilið er árið 2022. Umferð bifreiða var óvenju lítil árin 2020, 2021 og 2022 vegna takmarkana sem tengdust heimsfaraldri COVID-19 sjúkdómsins. Þá voru einnig færri ferðamenn á landinu vegna ferðatakmarkana. Umferð og ferðamennska hafa hins vegar aukist ár frá ári eftir að samkomu- og ferðatakmarkunum lauk árið 2022.

Látnir í umferðarslysum



Mynd 3. Sýnir mismunandi farartæki vegfarenda sem og hvort viðkomandi var gangandi síðastliðin 5 ár.

Þéttbýli / Dreifbýli




Mynd 4. Dreifing banaslysa á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Árið 2024 sker sig áberandi úr með fjölgun slysa í dreifbýli s.l. 5 ár.

TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT / MIKILVÆGAR ÁBENDINGAR

Tillögur í öryggisátt og mikilvægar ábendingar eru afurð rannsókna RNSA og er beint til viðeigandi aðila sem umbótatillögum til aukins umferðaröryggis. Munurinn á þessum tveim er, samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa, sá að mikilvægar ábendingar eru almennar og ná til vegfarenda almennt en tillögur í öryggisátt hafa sérstakt ferli samkvæmt lögum. Þeim er beint að viðeigandi fyrirtækjum, sveitarfélögum eða stofnunum. Viðtakendur á tillögum í öryggisátt skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á og skulu án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að þær bárust, gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim. Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal svo, innan tveggja mánaða frá því að henni var gerð grein fyrir viðbrögðum, tilkynna viðkomandi aðila hvort nefndin telji þau fullnægjandi.

Tillögur í öryggisátt / Mikilvægar ábendingar



Mynd 5. Tillögur í öryggisátt og mikilvægar ábendingar sl. 5 ár.

Gefnar voru út 17 tillögur í öryggisátt og 24 mikilvægar ábendingar til aukins umferðaröryggis á árinu 2024. Á síðastliðnu fimm ára tímabili, eða frá árinu 2020, hefur umferðarsvið gefið út samtals 190 mikilvægar ábendingar og/eða tillögur í öryggisátt sem er um það bil 38 á ári eða að jafnaði, eða rúmlega þrjár á mánuði. Hér fyrir neðan eru sýndar tillögur í öryggisátt sem birtar voru árið 2024. Þær tengjast slysum sem urðu á árunum 2022 og 2023.

22-044U007-T01. Bætt öryggi vegfarenda við listaverk á hafnarsvæði á Djúpavogi.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Múlapings að greina og útfæra breytingar til að tryggja öryggi vegfarenda á svæðinu við listaverkið við Víkurland.

Blandað er saman umferð ferðamanna og þungrar atvinnustarfsemi án varanlegrar aðgreiningar með tilliti til umferðaröryggis á svæðinu við listaverkið. Um Víkurland er talsverð umferð, bæði atvinnutækja sem og annarra ökutækja en samkvæmt talningu Vegagerðarinnar var ársdagsumferð á milli hafnarsvæða á Djúpavogi 430 ökutæki árið 2022. Umferð ferðamanna um svæðið hefur aukist mikið

undanfarin ár, sérstaklega með komu skemmtiferðaskipa og telur nefndin því mikilvægt að greina og útfæra varanlegar breytingar á svæðinu annars vegar að teknu tilliti til umferðar gangandi vegfarenda og hins vegar að teknu tilliti til umferðar ökutækja.

22-044U007-T02. Umferðaröryggisáætlun sveitarfélaga

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Múlaþings að gera umferðaröryggisáætlun fyrir sameinað sveitafélag.

Ekki hafði verið unnin umferðaröryggisáætlun fyrir Djúpavog sem þéttbýlisstað innan sveitarfélagsins Múlaþings. Umferðaröryggisáætlanir eru mikilvæg skref í að ná markmiðum stjórnvalda í umferðaröryggismálum. Undanfarin ár hafa sveitarfélög verið sérstaklega hvött til að gera áætlun um umferðaröryggi. Helstu ástæður fyrir gerð slíkra áætlana eru að draga úr fjölda látinna og slasaðra vegfarenda. Þar geta m.a. komið fram upplýsingar um uppbyggingu vegakerfis sveitarfélagsins og vegflokka, umferðarmagn, samsetningu umferðar og hraða. Auk þess kortlagning stígakerfa, skólaleiða og almenningssamgangna t.d. þar sem óvarðir vegfarendur fara um.

22-044U007-T03. Breytingar á skipulagi sveitarfélagsins Múlaþings

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Múlaþings að vinna að breytingum á skipulagi fyrir hafnarsvæðið, þar sem slysið varð, meðal annars til að tryggja umferðaröryggi gangandi vegfarenda.

Ekki voru gerðar breytingar á skipulagsáætlunum fyrir svæðið þar sem slysið varð áður en listaverk var sett upp, en gera mátti ráð fyrir að listaverkið drægi að sér nokkurn fjölda vegfarenda.

22-058U011-T01. Bæta merkingar og aðgengi gangandi vegfarenda

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Akureyrarbæjar að sjá til þess að bætt sé úr merkingum og gönguþverunum við vinnusvæði Hofsbótar 2, þar sem slysið varð, til að auka umferðaröryggi og þar með tryggja öryggi óvarinna vegfarenda um svæðið.

Unnin var áætlun fyrir merkingar vegna framkvæmdanna en í þessari skýrslu koma fram ágallar á merkingum og aðgengi gangandi vegfarenda. Merkingar á vegi sjást t.d. ekki þegar snjóað hefur yfir þær og þurfa því að vera meira afgerandi. Einnig þarf að gæta þess að eldri merkingar á vegstæði séu í samræmi við umferð á framkvæmdatíma.

22-058U011-T02. Öryggisáætlun við framkvæmdir

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Akureyrarbæjar að þegar framkvæmdir hafa áhrif á umferð gangandi og eða akandi sé fylgt eftir að unnin sé öryggisáætlun og skipaður eftirlitsmaður í samræmi við reglugerð þess efnis.

Fram kemur í reglugerð um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir nr. 492/2009 að veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar og öllum þeim vegmerkingum og útbúnaði sem er til staðar í því vegakerfi sem hann hefur umsjón með og rekur. Þá segir í sömu reglugerð að áður en framkvæmdir hefjast á og við veg skuli verktaki gera ítarlega öryggisáætlun þar sem lýst er nauðsynlegum öryggisráðstöfunum vegna

framkvæmdanna. Mikilvægt er að allar breytingar, jafnvel tímabundnar, sem snúa að umferð gangandi eða ökutækja séu í samræmi við gildandi umferðarlög og reglur. Þar komi meðal annars fram hvernig afmarka skuli vinnusvæði, hvernig merkingum á og við svæðið skuli háttað og hvort og hvernig skipuleggja skuli hjáleir sem og að koma eigi í veg fyrir að merking vega gefi villandi upplýsingar um ástand vegar og umferð um hann. Þá skal bera Öryggisáætlun undir veghaldara til samþykkis og skal samþykkt eintak öryggisáætlunar vera tiltækt á vinnusvæði og hjá lögreglu í viðkomandi lögsagnarumdæmi. Í þessu tilviki var merking á yfirborði vegar röng. Einnig vantaði uppsetningu fleiri göngupverana og varnir gangandi vegfarenda voru ófullnægjandi.

23-019U005-T01 Reglur um mat á andlegu og líkamlegu hæfi

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Samgöngustofu, og ítrekar um leið fyrri tillögu í öryggisátt frá 17. janúar 2020, að innleiða nýjar reglur um hvernig meta skuli hvort umsækjendur um ökuskírteini fullnægi III. viðauka um andlegt og líkamlegt heilbrigði eins og kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 830/2011, með síðari breytingum.

Í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 830/2011, með síðari breytingum, kemur fram að Samgöngustofa setji reglur um hvernig meta skuli hvort umsækjandi um ökuskírteini fullnægi skilyrðum í III. viðauka um andlegt og líkamlegt heilbrigði. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að slíkar reglur séu settar.

23-019U005-T02 Stuðningur við innleiðingu nýs vottorðseyðublaðs

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til innviðaráðuneytisins að styðja Samgöngustofu við þróun og innleiðingu á nýju eyðublaði um læknisvottorð sem snýr að því mati hvort umsækjendur um ökuskírteini fullnægi III. viðauka um andlegt og líkamlegt heilbrigði eins og kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 830/2011 með síðari breytingum, og leita í því skyni, ef þörf er á, aðstoðar annarra ráðuneyta og undirstofnana þeirra.

Drög að nýju vottorðseyðublaði vegna læknisskoðunar fyrir veitingu eða endurnýjun ökuréttinda hafa verið í vinnslu hjá Samgöngustofu. Gildandi vottorðseyðublað er áratuga gamalt og þarfnast endurnýjunar. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að innviðaráðuneytið styðji Samgöngustofu við þróun og framkvæmd á innleiðingarferli á nýju vottorðseyðublaði og sjái til þess að stofnunin fái þann stuðning sem hún þarf við verkefnið, m.a. frá öðrum ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Áhættumat og öryggisáætlun

23-043U007-T01. Hlíðarbúnaður bifhjólafólks

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Samgöngustofu að auka fræðslu um hlífðarbúnað bifhjólafólks.

Hjálmar veita vernd og mikilvægt er fyrir bifhjólafólk að vera ávallt með viðurkenndan hjálm á höfði. Ýmiss annar viðurkenndur búnaður veitir bifhjólafólki aukna vernd gegn áverkum í slysum. Hægt er að verða sér út um sérhannaðan hlífðarbúnað, svo sem buxur, jakka, brynjur, hanska og skó. Ef sá hlífðarbúnaður er CE merktur uppfyllir hann að öllu jöfnu staðla um hlífðarbúnað fyrir bifhjólafólk. Mikilvægt er að koma fræðslu á framfæri um slíkan búnað og hvetja enn frekar til notkunar á honum.

23-043U007-T02. Skoðun bifhjóla

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Samgöngustofu að yfirfara og vinna umbætur á skoðunarhandbók gagnvart skoðun bifhjóla.

RNSA telur ástæðu til þess að Samgöngustofa endurskoði þann hluta skoðunarhandbókar ökutækja sem snýr að skoðunum bifhjóla. Æskilegt er að bifhjól séu skoðuð með sambærilegum hætti og stór ökutæki þar sem sérþjálfaðir skoðunarmenn framkvæma skoðun með sérhæfðum tækjabúnaði. Slík aðstaða og þekking myndi auðvelda og bæta skoðanir bifhjóla. Nefndin leggur áherslu á að uppfærsla skoðunarhandbókar snúi meðal annars að skoðun á legubúnaði. Einnig að settar verði kröfur um hámarksaldur og lágmarks loftþrýsting hjólbarða bifhjóla. Þá telur nefndin að mikilvægt sé að setja í skoðunarhandbók ramma um breytingar sem gerðar eru á bifhjólum sem og ásetningu aukahluta.

23-043U007-T03. Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Innviðaráðuneytisins að setja í reglugerð ákvæði um flokkun, gerð og notkun öryggis- og verndarbúnaðar óvarinna vegfarenda sbr. 4. mgr. 79. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum.

Ákvæði 78. og 79. gr. umferðarlaga fjalla takmarkað um öryggis- og verndarbúnað við akstur bifhjóla og torfærutækja. RNSA telur þörf á ítarlegri reglugerðarákvæðum um hlífðarbúnað óvarinna vegfarenda annarra en gangandi.

23-046U008-T01. Notkun ríffla á vegum

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Vegagerðarinnar að fræsa rífflur í yfirborð vega þar sem aðstæður og tegund bundins slitlags býður upp á slíkt.

Þar sem breidd vega og tegund bundins slitlags gefa tækifæri til fræsunar á rífflum telur Rannsóknarnefnd samgönguslysa að það ætti að gera. Umferðarrannsóknir sem snúa að notkun ríffla á vegum sýna ávallt jákvæðar niðurstöður gagnvart umferðaröryggi.

23-047U009-T01 Forvarnir um svefn og þreytu hjá öikumönnum

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Samgöngustofu að flýta fyrirhuguðu átaki um forvarnir vegna svefns og þreytu öikumanna.

Samgöngustofa hefur verið með verkefnið „Nap and Go“ þar sem ferðamönnum sem lenda snemma morguns hefur verið boðin gisting á góðum kjörum nálægt Keflavíkurflugvelli. Ferðamenn hafa einnig verið varaðir við hættunni sem getur falist í að keyra eftir lítinn svefn á síðunni safetravel.is og á stýrisspjaldi sem bílaleigur afhenda.

Tímamismunur og næturflug gerir það að verkum að margir farþegar eru þreyttir við komuna til landsins og áfram næstu daga, ef ekki næst nægjanleg hvíld.

Hjá Samgöngustofu er á döfinni að framleiða fræðslumyndband um svefn og þreytu við akstur og til stendur að fara í auglýsingaherferð þar sem fólk er hvatt til að leggja bílum sínum þegar það er þreytt og leggja sig í 15 mínútur áður en lengra er haldið.

Upplýsingar er varða almennt þau áhrif og þær hættur sem þeyttir öikumenn skapa í umferðinni eru mikilvægar og geta um leið sýnt hvernig er hægt að bregðast við slíkri þeytu. Í rannsóknum hefur komið fram að þeyttir öikumenn geta verið jafn hættulegir og ölvaðir öikumenn. Evrópska umferðaröryggisstofnunin hefur sett fram í skýrslu að svefnleysi og þeyta sé veigamikill orsakabáttur í 15% til 20% af alvarlegum umferðarslysum.¹

23-066U013-T01 Skráningarskylda vinnuvéla

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til eiganda/umráðamanns vinnuvélarinnar í umræddu slysi að tryggja að allar skráningarskyldar vinnuvélar hans, sem eru í akstri á opinberum vegum, séu rétt skráðar.

Vinnuvél í umræddu umferðarslysi var ekki skráð í ökutækjaskrá, sbr. reglugerð um skráningu ökutækja nr. 751/2003 með áorðnum breytingum, þrátt fyrir að vera notuð í almennri umferð. Samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019 með síðari breytingum ber eigandi (umráðamaður) ábyrgð á skráningu þess í ökutækjaskrá og að skráningarmerki sé sett á það áður en það er notað í almennri umferð.

23-066U013-T02 Öryggisúttekt á gatnamótunum

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til veghaldara að framkvæma öryggisúttekt á gatnamótum Vonarstrætis og Lækjargötu.

Talsverð umferð allra vegfarendahópa er á slyssað. Aðstæður eru þröngar fyrir öikumenn stórra ökutækja að taka hægri beygjur á þessum gatnamótum. Einnig getur sýn öikumanna við vinstri beygju af Vonarstræti verið takmörkuð. Reykjavíkurborg hefur haft á áætlun að setja umferðarljós á þessi gatnamót.

23-066U013-T03 Yfirfara verklag um skoðanir og skráningar vinnuvéla

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Vinnueftirlitsins og Samgöngustofu að yfirfara verklag um skoðanir og skráningar á vinnuvélum sem eru notaðar í almennri umferð.

Hlutverk Vinnueftirlitsins er að skoða og skrá vinnuvélar. Samningur er á milli Samgöngustofu og Vinnueftirlits um skráningar á vinnuvélum í ökutækjaskrá sem notaðar eru í almennri umferð. Við rannsókn slyssins kom í ljós að skráningum þeirra vinnuvéla sem skráðar eru í ökutækjaskrá var áfátt. Vinnueftirlitið sendir slíkar upplýsingar til Samgöngustofu en ökutækjaskrá er á ábyrgð hennar. Þá er það á ábyrgð eigenda/umráðamanns vinnuvélar að skrá hana í ökutækjaskrá, eigi að nota hana í almennri umferð.

¹ Ingrid van Schagen, 2021, Road Safety Thematic Report – Fatigue, European Road Safety Observatory.

23-071U015-T01. Öryggisáætlun við framkvæmdir

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Hafnarfjarðarbæjar að við framkvæmdir sem eru á eða við akbraut þá sé tryggt að unnin sé öryggisáætlun sem verndar umferð óvarinna vegfarenda gegn umferð þungra ökutækja og henni sé fylgt eftir með viðeigandi aðgerðum.

Fram kemur í reglugerð um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir nr. 492/2009 að veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar og öllum þeim vegmerkingum og útbúnaði sem er til staðar í því vegakerfi sem hann hefur umsjón með og rekur.

Þá segir í sömu reglugerð að áður en framkvæmdir hefjast á og við veg skuli verktaki gera ítarlega öryggisáætlun þar sem lýst er nauðsynlegum öryggisráðstöfunum vegna framkvæmdanna. Þar komi meðal annars fram hvernig afmarka skuli vinnusvæði, hvernig merkingum á og við svæðið skuli háttað og hvort og hvernig skipuleggja skuli hjáleirðir. Þá skal verktaki bera öryggisáætlun undir veghaldara til samþykkis og skal samþykkt eintak öryggisáætlunar vera tiltækt á vinnusvæði og hjá lögreglu í viðkomandi lögsagnarumdæmi. Í þessu tilviki var umferð atvinnutækja um syðri hluta Ásvalla vegna byggingarframkvæmda á tveimur aðskildum byggingasvæðum blandað saman við umferð gangandi og hjólandi vegfarenda sem meðal annars voru á leið til og frá íþróttamiðstöð, sparkvöllum og sundlaug í nágrenninu með tengingu við íbúðarhverfi sunnan og vestan Ásvalla.


23-071U015-T02. Umferðaröryggisáætlun

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Hafnarfjarðarbæjar að uppfæra fyrirliggjandi umferðaröryggisáætlun og þar með framkvæmdaáætlun og forgangsverkefni sem tengjast umferðaröryggi í bæjarfélaginu.

Umferðaröryggisáætlun Hafnarfjarðarbæjar er til í drögum frá árinu 2018 með gildistíma frá 2018 til 2022. Með uppfærslu áætlunarinnar gæti gefist tækifæri á greiningum leiða óvarinna vegfarenda frá íþrótt- og tómstundastarfi auk uppfærslu skoðunar á stöðu leiða óvarinna vegfarenda frá skólum innan sveitarfélagsins. Í þessu slysi var óvarinn ungur vegfarandi á reiðhjóli á leið frá íþróttaiðkun.

VETTVANGUR BANASLYSA 2024

Banaslysinn árið 2024 dreifðust talsvert um landið en voru þó að mestu bundin við vestari hluta landsins. Þrjú banaslysanna urðu á Stór-höfuðborgarsvæðinu og tvö á Vesturlandi. Eitt banaslys varð á Suðurnesjum, tvö á Suðurlandi og tvö banaslys á Norðurlandi.



Mynd 5. Staðsetning banaslysa á Íslandi árið 2024

ERLENT SAMSTARF 2024

Fulltrúar frá rannsóknarnefndum samgönguslysa í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Íslandi og Hollandi hittast árlega þar sem stofnanir bera saman bækur sínar, kynna rannsóknir og læra hver af öðrum. Við Íslendingar vorum gestgjafar árið 2024 og hittust þar fulltrúar landanna í Reykjavík. Meðal annars voru flutt og rædd erindi um áhugaverðar loknar og yfirstandandi samgöngurannsóknir, komið inn á áhrif náttúruhamfara á umferðarmannvirki, hlutverk snjallsíma í rannsóknum og sem og viðmiklar þemarannsóknir.



Reykjavík – febrúar 2025

Hús FBSR, Flugvallarvegi 7 - 102 Reykjavík
Sími: 511 6500 - netfang: RNSA@RNSA.is